

Textilmennt 2018-2019: Smiðja 2

Kennarar: Sigurlína Magnúsdóttir

Stuðningsfulltrúi: Anna Guðlaug Albertsdóttir

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í textilmennt sett fram í þrjá mismunandi flokka:

- Handverk, aðferðir og tækni,
- Sköpun, hönnun og útfærsla
- Menning og umhverfi.

Á blaðsíðum 158-165 í 21.12-21.14. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um textil, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

<https://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Kennsluhættir

Nemendur í smiðju 2 (5., 6. og 7.b.) fá 80 mín. kennslu í textilmennt á viku. Þeir fá þjálfun í vélsaumi, útsaumi og þrjóni. Nemendur vinna eftir leiðsögn kennara. Unnið er með grunnaðferðir og tækni innan textilmenntarinnar og flóknari aðferðum bætt við smátt og smátt, allt eftir getu hvers og eins.

Nemendur fá að taka verkefni með heim ef þeir vilja, þetta reynir á sjálfstæði, samvirkusemi og virkni nemendans.

Námsgögn

- <http://vefir.nams.is/textilmennt/index.htm>
- Hannyrðir í 3.-6. bekk. Námsgagnastofnun.
- Á þrjónunum. Námsgagnastofnun.
- Hinar ýmsu handavinnu- og þrjónabækur.
- Hugmyndir af netinu.
- Verkefni úr verkefnasafni kennara.

Námsmat

Símat er alla önnina. Við námsmat er haft í huga aldur barnanna, frumkvæði og sköpun, ástundun og hegðun, handbragð og samskipti.